



4. ágúst, 2017.

Útbreiðsla bjarnarklóar og skyldra tegunda í Reykjavík og yfirlit yfir aðgerðir.

Á fundi borgarráðs þann 20. júlí 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks eftirfarandi fyrirspurn um bjarnarkló: „Óskað er upplýsinga um hvort vart hafi verið við að Bjarnarkló hafi stungið niður rótum á leiksvæðum og útivistarsvæðum borgarinnar og ef svo er til hvaða aðgerða hefur verið brugðist? Ljóst er að snerting við þessa tegund hvannar getur valdið verulegum skaða og bruna á húð og því mikilvægt að gera sér grein fyrir umfangi hennar á opnum svæðum“. Eftirfarandi minnisblað er svar við þessari fyrirspurn og er frá umhverfis- og skipulagssviði.

Tröllahvannir

Deild náttúru og garða á umhverfis- og skipulagssviði sinnir málefnum ágengra plöntutegunda og hefur undanfarin ár kortlagt útbreiðslu þeirra í borginni. Þar hefur sérstök áhersla verið lögð á að finna fundarstaði svokallaðra tröllahvanna (ættkvísl *Heracleum*). Tröllahvannir eða risahvannir eru stórvaxnar, fjölærar plöntur af sveipjurtaætt. Þær líkjast öðrum hvönnum t.d. ætihvönn og geithvönn en eru yfirleitt mun stærri og stórgerðari.

Tröllahvannir hafa stórar blómmyndanir og eru oft glæsilegar plöntur. Þess vegna hafa þær lengi verið vinsælar garðplöntur.

Tröllahvannir hafa dreift sér hratt um borgarland Reykjavíkur undanfarið og er það áhyggjuefni. Þær eru þekktar erlendis fyrir að vera ágengar og bola öðrum gróðri burt. Vegna stærðar sinnar geta þær myndað mjög þétt gróðurbelti. Þær eru skilgreindar sem framandi, ágengar tegundir hérlendis sem geta ógnað öðrum gróðursamfélögum og því er óheimilt að flytja þær til landsins.

Af tröllahvönnum stafar einnig slysa-hætta því safinn í stönglum og blöðum þeirra er eitruður. Í honum eru efni sem virkja í sólarljósi og geta valdið alvarlegum bruna á húð og skilið eftir sig varanleg ör. Einnig getur safinn valdið blindu ef hann berst í augu.

Í Reykjavík hafa fundist þrjár tegundir af tröllahvönnum sem allar eru af ættkvíslinni *Heracleum*.

Bjarnarkló (*Heracleum mantegazzianum*) er algengust og einnig varasöm must því hún nær mestri stærð. Plönturnar geta orðið yfir þrír metrar á hæð og stöngullinn allt að 100 mm í þvermál. Alla jafna er einungis einn blómstöngull. Blöðin eru afar stórgerð og tvísagtennt og því yfirleitt auðþekkjanleg. Magn plöntusafa í stönglum og blöðum er oft mjög mikið og því hættan alvarlegum brunasárum töluverð.

Tröllakló (*Heracleum persicum*) er einnig stórvaxin en fíngerðari en bjarnarklóin og auk þess yfirleitt með nokkra blómstöngla. Hún er algeng í görðum en virðist lítið dreifa sér þrátt fyrir að mynda fleiri blómsveipi að jafnaði.

Húnakló (*Heracleum sphondylium*) er minnst og fíngerðust af tröllahvönnunum. Hún getur náð 2-3 m hæð en er alla jafna mun minni. Hún er ekki eins algeng í borgarlandinu en þar sem hún finnst dreifir hún sér mjög hratt.

Útbreiðsla tröllahvanna í Reykjavík

Frá 2015 hefur verið unnið að því að kortleggja útbreiðslu þessara tegunda í Reykjavík og einnig verið farið í aðgerðir til að uppræta tegundirnar af borgarlandi. Í sumar hefur kortlagningin verið unnin mjög markvisst og sumarstarfsmaður sem var ráðinn á deild náttúru og garða vann það verkefni. Góð yfirsýn er því yfir umfang útbreiðslunnar þótt alltaf finnist nýir og nýir staðir og hafa t.d. íbúar verið



mjög duglegir að hafa samband og láta okkur vita um plöntur sem þeir hafa séð. Meðvitund þeirra um þessar plöntur er því að aukast.

Bjarnarkló finnst út um alla borg og eru þekktir fundarstaðir um 70 talsins, flestir í eldri borgarhlutum einkum í póstnúmerum 101, 104 og 107 en plöntur hafa fundist í nær öllum hverfum borgarinnar nema í allra nýjustu hverfum svo sem Grafarholti og Norðlingaholti. Ekki er þó hægt að útiloka að þær séu einnig þar að finna. Langflestir fundarstaðir bjarnarklóar eru einkalóðir, yfirleitt grónir garðar. Í mörgum tilfellum er um stakar eða fáar plöntur að ræða, sem jafnvel hafa lítið dreift sér, en í sumum tilfellum eru margar plöntur og þær farnar að dreifa sér í nálæga garða og út í götur og stíga. Nokkrir þekktir staðir eru í borgarlandi en þar á meðal er lang stærsta breiða af bjarnarkló í borginni sem er á Laugarnestanga. Þar hafa plöntur dreifst af einkalóð yfir í borgarland og nálæga garða og eru þar mörg hundruð plöntur. Á þessum árstíma eru þær mjög áberandi því þær eru í fullum blóma og hafa náð fullri stærð en stærstu plönturnar geta verið 3-4 metrar á hæð. Engar aðrar blómplöntur sem ekki eru tré ná svona stærð hér á landi. Lítil breiða er við húsið Lambhól á Ægissíðu og er komin út í borgarland. Einnig er lítil breiða við veg nálægt bænum Úlfarsfelli 3 ofarlega í Úlfarsárdal. Örfá tilfelli eru um að bjarnarkló hafi borist af einkalóð yfir á leiksvæði barna m.a. í Grafarvogi og Vesturbæ.

Húnaklóin hefur á seinustu árum breiðst út á miklum hraða á nokkrum stöðum í borginni og virðist geta vaxið á mun fjölbreyttari stöðum en bjarnarklóin m.a. í grasflötum þar sem þær eru mjög smágerðar en ef þær vaxa t.d. í trjábeðum geta þær náð 2-2,5 m hæð í fullri stærð. Hafa þær fundist bæði á borgarlandi og einkagörðum þar sem útbreiðsla þeirra er þéttust. Stærsta svæðið er í Vesturbæ, póstnúmer 107. Þar er þungamiðja útbreiðslunnar svæði nálægt Vesturbæjarlaug, Einimel og Kaplaskjólsvog en plöntur hafa einnig dreifst suður yfir Hofsvallagötu niður í Hagana, vestur yfir Ægissíðu í Faxaskjól og Sörlaskjól og norður yfir Kaplaskjólsvog inn á KR-völlinn og Frostaskjól. Plöntur hafa fundist inni á lóðum leikskólana Ægisborgar, Gullborgar og Vesturborgar og á lóð Grandaskóla. Einnig hafa plöntur fundist á leiksvæðum t.d. við Tómasarhaga og Vesturbæjarlaug. Ljóst er að um mörg hundruð, sennilega þúsundir plantna er að ræða í Vesturbæ, oft í miklum þéttleika. Húnakló hefur einnig fundist í miklum mæli í grasmön sunnan við Gullinbrú nálægt Bryggjuhverfinu. Þangað hefur hún sennilega borist með jarðvegi. Nokkrir aðrir fundarstaðir eru í borginni á einkalóðum t.d. í Miðtúni en almennt er útbreiðslan ekki eins víðfeðm og hjá bjarnarkló og flestir borgarhlutar lausir við þessa plöntu. En miðað við útbreiðsluhraðann í Vesturbæ og Gullinbrú gæti það breyst hratt. Þess má geta að húnakló hefur einnig fundist á Seltjarnarnesi.

Tröllakló finnst í örfáum einkagörðum og virðist ekki dreifa sér að neinu ráði líkt og hinar tegundirnar tvær gera, a.m.k. ekki enn.

Aðgerðir til upprætingar

Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða síðustu tvö ár til að stemma stigu við útbreiðslu þessara plantna. Í fyrsta lagi þá eru plöntur sem finnast á leikskóla- og skólalóðum fjarlægðar um leið. Farið hefur verið á mörg opin svæði með það að markmiði að fjarlægja eða halda útbreiðslu plantna í skefjum. Um mikið og erfitt verk er að ræða einkum þar sem plönturnar eru mjög margar eins og t.d. í Laugarnesi og við Vesturbæjarlaug. Sumarið 2016 var sérstakur vinnuhópur sumarstarfsmanna sem vann sérstaklega við það að uppræta plönturnar og voru vinsæl útivistarsvæði og leiksvæði í forgangi. Það gekk víða mjög vel en ljóst var að t.d. í Laugarnesinu var um nær óyfistíganlegt verkefni að ræða vegna umfangs plöntubreiðunnar þar og stærðar plantanna og einnig því þar er mjög mikið inni á einkalóðum. Aðstæðurnar gerast vart erfiðari fyrir garðyrkjufólk en þegar unnið er í þessum bjarnarklóarbreiðum við að höggva niður 4 metra háar plöntur sem hafa stöngul sem er eins og trjábólur að þykkt.

Í sumar tókst því miður ekki að hafa sérstakan vinnuhóp vegna mikillar manneklu en ekki tókst að ráða í allar sumarstöður hjá umhverfis- og skipulagssviði einmitt þegar umfang umhirðuverkefna í borginni eykst þar sem gróður af ýmsum toga hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum víða í



borgarlandinu. Vel var þó fylgst með því hvar bjarnarkló og húnakló voru að vaxa og passað var upp á að taka plöntur af skóla- og leikskólalóðum og sumarstarfsmenn fóru á einstaka staði og ýmist slógu eða skáru niður plöntur. Í júlí var tekin ákvörðun um að ráða verktaka til að takast á við erfiðustu staðina t.d. við Gullinbrú og Vesturbæjarlaug og hefur þar verið slegið og beitt illgresiseyði. Þessi mikla útbreiðsla, einkum húnaklóar, á síðustu árum hefur komið mörgum í opna skjöldu og hafa sérfræðingar í garðyrkju ekki tekist að finna skothelda aðferð við að útrýma plöntunum og virðast þær vera einstaklega erfiðar að eiga við. Þrátt fyrir notkun í illgresiseyðis koma þær yfirleitt til baka á næsta ári og með aukinni útbreiðslu gætu þær orðið mjög alvarlegt vandamál í borginni. Hvernig verktökum á eftir að ganga að halda plöntunum í skefjum á eftir að koma betur í ljós og er ákveðið lærdómsferli á gangi. Einnig eru fleiri sveitarfélög farin að leita leiða við að útrýma bjarnarkló og húnakló og mikilvægt að fylgst sé vel með hvernig gangi hjá öðrum.

Á næsta ári er æskilegt að byrja fyrr um sumarið meðan plönturnar eru minni. Þess ber þó að geta að þær geta auðveldlega vaxið aftur og eru í hvað mestum blóma síðs sumars þannig að endurteknar aðgerðir yfir sumarið eru líklegastar til að bera árangur en það er óneitanlega kostnaðarsamt og tímafrekt. Finna þarf þessu skýran farveg í umhirðuverkefnum borgarinnar en ljóst að um afar flókið verkefni er að ræða sem bætist ofan á aðra umhirðuþörf. Tryggja þarf fjármagn fyrir þessi verkefni því ef ekki verður hægt að sinna því almennilega mun ástandið versna og það hratt.

Núna síðla sumars eru plönturnar víða farnar að mynda fræ og hafa starfsmenn deildar náttúru og garða farið um og klippt blóm af plöntum. Það er fljótleg aðferð við að stöðva frædreifingu en ern okkurs konar síðasta úrræði því auðvitað fjarlægir sú aðgerð plönturnar ekki alveg. Fyrir stærstu bjarnarklærnar er það þó langt í frá að vera auðvelt enda erfitt að ná til blóma í 3-4 metra hæð.

Fræðsla og samskipti við almenning

Tröllahvannir eru framandi plöntutegundir fyrir marga og mikilvægt er að vitund almennings aukist um plönturnar, hættuna sem af þeim stafar og mikilvægi þess að reyna að draga úr umfangi þeirra og útbreiðslu. Ræða þarf þessi mál af yfirvegun því engin ástæða er til að skapa hræðslu hjá fólki. Hægt er að umgangast þessar plöntur án vandræða ef vitað er að það er plöntusafinn sem þarf að varast og að forðast skuli að taka á þeim með berum höndum að óþarfa. En aukin útbreiðsla undanfarið er mikið áhyggjuefni og þar sem mjög mikið af fundarstöðum eru á einkalóðum þurfa íbúar að vera með borgaryfirvöldum í liði og reyna að uppræta plönturnar úr gördum sínum. Eftir að útbreiðsla tegundanna var kortlögð í sumar var gengið í hús þar sem plöntur hafa fundist á einkalóðum og dreift bréfi til íbúa þar sem greint er frá stöðunni og jafnframt komið með ábendingar um hvernig íbúar eiga að bera sig að við að fjarlægja plönturnar á eigin vegum með áherslu á upplýsingar varðandi öryggi. Fjölmargir íbúar, langflestir í Vesturbæ og Miðborg hafa nú fengið slík bréf. Í bréfinu er fólki bent að hafa samband við deild náttúru og garða ef óskað er frekari upplýsinga. Er fólki nú þegar farið að hafa samband og veitum við ráðgjöf og förum á vettvang ef þess er óskað. Margir hafa nú þegar reynt eitt og annað og gengið misvel að eiga við plönturnar, þær virðast stundum ósigrandi og sérstaklega erfitt að eiga við húnaklóna þegar hún er komin í grasflöt. Á vefsíðu borgarinnar er upplýsingasíða um tröllahvannir. Þá hafa starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs verið í viðtölum við fjölmiðla undanfarið og miðlað upplýsingum til almennings. Sameiginlegt átak borgaryfirvalda og íbúa þarf til að hægt verði að stemma stigu við frekari útbreiðslu þessara plantna en ljóst er að bregðast þarf hratt við t.d. í Vesturbænum og að á svæðum eins og Laugarnesinu er ástandið þannig að þörf er á inngripi sem á sér ekki fordæmi hérlandis og vanda þarf mjög vel til verka og fara gætilega. Tröllahvannir verða viðfangsefni Reykvíkinga næstu árin og með aukinni meðvitund og þekkingu ætti að vera hægt að ná meiri árangri við að uppræta þær en einnig læra hvernig á að umgangast þær.

Ef óskað er frekari upplýsinga má leita til starfsfólks deildar náttúru og garða.
Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, deild náttúru og garða.